

# Heimildir til flýtingar á framkvæmdum

09 483

Ársreikningur 2022

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Heimildir til flýtingar á framkvæmdum  
Fjárlagaliðurinn er í umsjón  
Fjármála- og efnahagsráðuneytisins  
kt. 550169-2829  
Arnarhvoll við Lindargötu, 101 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjárlagaliðurinn Heimildir til flýtinga á framkvæmdum er í A-hluta ríkissjóðs í umsjón Fjármálaráðuneytisins.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 34 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 0,0 milljónir og afkoma kr. 0,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 43,0 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heimilda til flýtinga á framkvæmdum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Á grundvelli heimilda í fjárukalögum ársins 2020 var fjármála- og efnahagsráðherra var falin framkvæmd á sérstöku fjárfestingaráttaki til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Fjárheimildir vegna átaksins voru færðar á fjárlagaliðinn Heimild til flýtingar á framkvæmdum og þaðan voru þær millifærðar til viðkomandi málaflokka sem stóðu að fjárfestingunni í samræmi við forgangsröðun átaksins. Óráðstöfuð heimild liðarins stafar af því að ekki öll verkefni komust til framkvæmda innan ramma átaksins vegna breyttra forsenda.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heimilda til flýtinga á framkvæmdum fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Guðrún Ögumundsdóttir  
Skrifstofustjóri

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	0	(319.100.000)
<b>Afkoma ársins</b>		<u>0</u>	<u>(319.100.000)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	3	43.022.585	227.522.585
<b>Eignir samtals</b>		<u>43.022.585</u>	<u>227.522.585</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	4		
Hrein eign .....		0	184.500.000
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>0</u>	<u>184.500.000</u>
<b>Skuldir</b>			
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	5	43.022.585	43.022.585
<b>Skuldir samtals</b>		<u>43.022.585</u>	<u>43.022.585</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>43.022.585</u>	<u>227.522.585</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		0	(319.100.000)
		0	(319.100.000)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar .....		0	319.100.000
		0	319.100.000
		0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		0	2.301.477.415
Fjárfestingarframlag .....		0	(2.301.477.415)
		0	0
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		0	0
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b>0</b>	<b>0</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	0	(319.100.000)
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>

### 3 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	43.022.585	227.522.585
	<u>43.022.585</u>	<u>227.522.585</u>

### 4 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	184.500.000	503.600.000
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	(184.500.000)	0
Afkoma ársins .....	0	(319.100.000)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>0</u>	<u>184.500.000</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 5 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2022	31.12.2021
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	43.022.585	43.022.585
	<u>43.022.585</u>	<u>43.022.585</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	0	43.022.585	43.022.585
	<u>0</u>	<u>43.022.585</u>	<u>43.022.585</u>

### 6 Aðrar upplýsingar

*Skuldbindandi samningar*

Engir skuldbindandi samningar hjá fjárlagalið.

*Veittar ábyrgðir*

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óafturkallanleg loforð*

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.